

Proskahjálpi á Norðurlandi

Afhending 2020/61

Félagið Proskahjálpi á Norðurlandi eystra var stofnað 1996 við samruna félaganna, Styrktarfélags vangefinna á Norðurlandi og Foreldrafélags barna með sérþarfir á Akureyri. Það er meðlimur í Landssamtökunum Proskahjálpi.

Megintilgangur félagsins er að standa vörð um hagsmuni fatlaðra, stuðla að auknum lífsgæðum þeirra og vinna að úrbótum í málaflokknum. Félagið hefur það markmið að vekja athygli almennings á málefnum fatlaðra og leggur áherslu á að styðja og aðstoða foreldra fatlaðra og efla þekkingu þeirra með reglulegum fræðslufundum og stuðningi við aðra sem þjóða slíka fræðslu.

Mikill hluti starfseminnar felst í því að standa vörð um það sem hefur áunnist í réttindabaráttu fatlaðra ásamt því að fylgja eftir úrbótum í ýmsum málum, t.d. skólamálum, húsnæðismálum og atvinnumálum. Félagið á gott samstarf við Akureyrarbæ og hefur fengið tækifæri til að koma sínum skoðunum, áhyggjum eða hugmyndum á framfæri á samráðsfundum með stjórnendum hjá Akureyrarbæ.

Stór þáttur í starfseminni er fræðsla forráðamanna og fatlaðra. Í því felst t.d. stuðningur við forvarnarfræðslu fyrir fatlaða, fræðslu fyrir forráðamenn um þjálfun o.fl.

Félagið er enn starfandi í dag (22. júní 2021) og seinasta árið sést á Fésbókar síðu þess að haldnir hafa verið fundir innan félagsins sem og þorablót fyrir félagsmenn og skjólstæðinga þess. Helsta markmið félagsins er eftir sem áður réttindabarátta fatlaðra.

Afhendingin barst frá Svanfríði Larsen. Þetta er fyrsta afhendingin sem safninu berst frá þessum skjalamyndara.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
22. júní 2021

Katrín Björg Þórisdóttir
skjalavörður

Geymsluskrá

Skjalaf. Askja

Örk

Tímabil

Efni

2020 / 61

A-Almennt

A-Almennt

1979 - 1997

A	1	1	1980 - 1987	Sumarbúðir á Botni s.s. bréf, teikningar, samningar, gjafir, reikningar og fundir.
A	1	2	1980 - 1990	Fundir og fræðsla á vegum Styrktarfélags vangefinna Norðurlandi og Foreldrafélags barna með sérþarfir.
A	1	3	1984 - 1996	Sameiginlegar húseignir Styrktarfélags vangefinna Norðurlandi og Foreldrafélags barna með sérþarfir (Guðrúnarstaðir og skrifstofa í Kaupangi).
A	1	4	1985 - 1995	Fundargerðabók Guðrúnarstaðanefndar.
A	1	5	1987 - 1996	Minningarsjóður Rósu Jóhannesdóttur og Halldórs Jakobssonar, arfleðsluskrá, reikningar o.fl.
A	1	6	1990 - 1996	Bréf og fleira vegna sameiginlegra verkefna Styrktarfélags vangefinna Norðurlandi og Foreldrafélags barna með sérþarfir s.s. vegna myndbands um Sólborg, fjáröflun og réttindamála fatlaðra.
A	1	7	1993 - 1995	Hátíðahöld á vegum Styrktarfélags vangefinna Norðurlandi og Foreldrafélags barna með sérþarfir á Alþjóðlegum degi fatlaðra.
A	1	8	1992 - 1992	Menningarmiðstöð fyrir ungt fólk á Akureyri - hugmynd.
A	1	9	1979 - 1996	Aðdragandi að sameiningu Styrktarfélags vangefinna Norðurlandi og Foreldrafélags barna með sérþarfir og vinnugögn vegna sameiningar; stofnun Þroskahjálpar á Norðurlandi eystra, tilkynningar þar um og fréttatilkynningar ásamt ályktun.
A	2	1	1993 - 1994	Starfsmaður Styrktarfélags vangefinna Norðurlandi og Foreldrafélags barna með sérþarfir: kynningarefni á starfi hans og bréf til kynningar.
A	2	2	1993 - 1996	Starfsmaður Styrktarfélags vangefinna Norðurlandi og Foreldrafélags barna með sérþarfir: ýmis gögn vegna ráðningar og starfsloka; dreifibréf; skoðanakannanir; félagatal SVN 1993 og Foreldrafélags 1995; bréf; gögn vegna námsúrræða fatlaðra; skýrsla um starfið.
A	2	3	1993 - 1996	Fréttabréf Styrktarfélags vangefinna Norðurlandi og Foreldrafélags barna með sérþarfir og fylgigögn.
A	2	4	1993 - 1996	Sérverkefni starfsmanns: hestamenska fyrir fatlaða; tannlækningar fatlaðra; samstarf vegna rannsóknar; umsögn um reglugerð.
A	2	5	1993 - 1997	Skólabæklingurinn: Þegar barnið þitt byrjar í grunnskóla, undirbúningur skólagöngu barna með sérþarfir; bréf, vinnugögn og önnur fylgigögn.
A	2	6	1993 - 1995	Starfsmaður Styrktarfélags vangefinna Norðurlandi og Foreldrafélags barna með sérþarfir: gögn af ýmsum fundum og ráðstefnum og erindi starfsmanns á sumum þeirra.